

Lífeðlisfræðistofnun, Læknadeild Háskóla Íslands
b/t Þór Eysteinnsson prófessor
Vatnsmýrarvegur 16,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 4. október 2019
UST201903-237/R.K.
11.18.01

**Efni: Samþykki á breyttum starfsháttum rannsókna erfðabreyttra lífvera-
Flutningur starfsemi úr VRIII að rannsóknarhúsnæði ArcticLAS ehf.**

Vísað er til tilkynningar Háskóla Íslands, dags. 25. mars sl. um breytingu á starfsemi með erfðabreyttar mýs í rannsóknaraðstöðu að VRIII við Hjarðarhaga 2-6, 107 Reykjavík. Þar kemur fram að áformað er að flytja starfsemi erfðabreyttra músa í annað rannsóknarhúsnæði á vegum ArcticLAS ehf. að Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík.

ArcticLAS ehf. hefur leyfi fyrir rannsóknir á allt að 2.000 erfðabreyttum músum á ári, gefið út 27. ágúst 2014 og gildir til 1. september 2024. Eru þær rannsóknir í sama afmörkunarflokki og leyfi VRIII og gera sömu kröfur um aðstöðu og ráðstafanir vegna mengunarhættu og getur því starfsemi Háskóla Íslands fallið undir það leyfi. Umhverfisstofnun hefur mótttekið samstarfssamning Háskóla Íslands (kt. 600169-2039) og ArcticLAS ehf. (kt. 550388-1389) um flutninginn og sameiningu starfseminnar. Eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsemi ArcticLAS ehf. mun því ná til starfsemi erfðabreyttra músa sem fluttar eru frá rannsóknaraðstöðu VRIII.

Umhverfisstofnun hefur borið flutninginn undir ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur og Vinnueftirlitið sem gerðu ekki athugasemdir við flutninginn.


Ákvörðun hefur verið tekin um að heimila flutning músanna úr VRIII að rannsóknarhúsnæði ArcticLAS ehf. Enn verður starfsemi með erfðabreyttar mýs í húsnæði VRIII en það leyfi gildir til dags. 16. nóvember 2026 og verður áfram undir eftirliti Umhverfisstofnunar.

Uppfærður verður sérstakur fulltrúi rekstraraðila sem ber ábyrgð á samskiptum við eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar skv. gr. 4.1 leyfisins.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri

Afrit af bréfi b/t Þór Eysteinnsson, Læknadeild Háskóla Íslands að Vatnsmýrarveg 16,
101 Reykjavík.